

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Vesturvör 50. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. október 2019 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina að Vesturvör 50. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar stækkar um 3,7 m til norðurs og 4,8 m til austurs. Hámarksbyggingarmagn eykst úr 1.500 m<sup>2</sup> í 2.200 m<sup>2</sup>, hámarksstærð grunnflatar stækkar úr 1.000 m<sup>2</sup> í 1.350 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir inndreginni 3. hæð, allt að 300 m<sup>2</sup> þannig að leyfileg hámarkshæð fyrirhugaðrar byggingar fer úr 9 m í 12 m miðað við aðkomuhæð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 19. nóvember 2019.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2019